

# Upplýsingar um leghálsspeglun

## Hvar eru leghálsspeglanir framkvæmdar?

Flestar leghálsspeglanir eru gerðar á Leitarstöðinni í Reykjavík (sími 540 1919), en einnig á Sjúkrahúsinu á Akureyri (sími 463 0100), Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (sími 422 0500), Sjúkrahúsinu á Akranesi (sími 430 6000) og hjá einstaka sérfræðingum í Reykjavík.

## Hvað er leghálsspeglun?

Leghálsspeglun er smásjárskoðun á leghálsi sem gerð er ef forstigsbreytingar finnast í frumstroki. Leghálssinn er skoðaður með smásjá og tekin lítil vefjasýni (1-2 mm bitar og skaf frá leghálsi) til nákvæmari rannsóknar. Til að stöðva blæðingu frá sárum á leghálsi er oftast penslað með brennisteini (lapis) í sárin.

## Undirbúningur

Rannsóknin þarfnast hvorki svæfingar né deyfingar en ráðlagt er að taka verkjalyfið Ibúfen 400 mg klukkutíma fyrir rannsókn (fyrir þá sem eru ekki með ofnæmi fyrir þessu lyfi).

## Til athugunar eftir leghálsspeglun

**Ekki er ráðlagt að hafa samfarir, reyna mikið á sig eða fara í ferðalag til útlanda í allt að 7 daga eftir speglunina eða á meðan útferð er.** Búast má við dökkleitri útferð eða smáblæðingu eftir speglunina. Ef veruleg blæðing verður eða hitahækkun yfir 38° er ráðlagt að hafa samband við vakthafandi deildarlækni á Kvennadeild Landspítala í síma 543 1000.

## Niðurstöður

Það tekur oftast viku að fá niðurstöðu úr spegluninni og er þá tekin ákvörðun um hvort þörf sé á að gera keiluskurð. Læknir sem gerir leghálsspeglunina hefur samband símleiðis varðandi niðurstöður.

Kristján Sigurðsson kvensjúkdómalæknir  
yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins

Anna Þ. Salvarsdóttir kvensjúkdómalæknir